

ÍSLENZKUR ÞJÓÐARBÚSKAPUR

Fjárhagsþáttur

eftir

Birgi Kjaran



Þjóðarbúskapur, eða atvinnulíf þjóðarinnar, eins og hann venjulega er nefndur í daglegu máli, er heildarheitið á öllum atvinnurekstri eða starfsemi allra fyrirtækja innan marka einnar ríkisheildar og þá einnig á höfum úti. — Þjóðarbúskapur Íslendinga er því rekinn á um 6000 bújörðum, 600 fiskiskipum, 1400 verzlunarfyrirtækjum, 800 iðnaðar- og iðjufyrirtækjum, 25 farskipum og fjölda fyrirtækja í öðrum greinum.

Öll eru þessi fyrirtæki beint eða óbeint þátttakendur í framleiðslunni, því að framleiðsla er sérhver aukning á nytsemi, hvort sem hún fer fram með því að afla hráefna úr skauti náttúrunnar, breyta formi þeirra, koma hinni fullunnu vöru á neyzlustaðinn, eða á annan hátt. Framleiðslan ein er þó ekki tilgangur búskaparstarfseminnar, heldur er það neyzlan, sem er lokamarkmiðið, og framleiðslan, svo þýðingarmikil sem hún er, aðeins nauðsynlegur undirbúningur þess, að menn fái þörfum sínum fullnægt.

Menn taka því þátt í þjóðarbúskapnum til þess að fá fyrir það tekjur. Tekjurnar eru samkvæmt eðli sínu mismunanadi, og nefnum við þær eftir uppruna þeirra ýmist verkakaup, fjárentu, jarðrentu, hagnað eða öðrum nöfnum. Samanlagðar tekjur allrar þjóðarinnar eru nefndar þjóðartekjur. Þær eru fundnar með því að leggja saman árlegar tekjur allra lifandi persóna í landinu og persóna að lögum, svo sem hlutafélaga, samvinnufélaga, og annarra fyrirtækja, sem einhverskonar sameign er um.

Nokkrar tilraunir hafa verið gerðar til þess að áætla þjóðartekjur Íslendinga. Til dæmis áætlaði skipulagsnefnd atvinnumála þjóðartekjurnar árið 1935 um 100 milljónir króna. — Nýlega hefur Hagstofan birt áætlun sína um þjóðartekjur Íslendinga árið 1946 og komið að þeirri niðurstöðu, að þær hafi verið um 1025 milljónir króna. Athugun þessi er byggð á skattaframtölum manna, og þá áætlaðar tekjur þeirra, sem eru

fyrir neðan skattskyldulágmarkið. Telur Hagstofan þó líklegt, að þessi áætlun um þjóðartekjurnar sé of lág.

Samkvæmt þessum tölum ættu þjóðartekjur Íslendinga í krónum að hafa tífaldast á röskum tíu árum. Aukningin á krónutölunni er þó enginn mælikvarði á notagildi teknanna fyrir þjóðina, vegna þeirra miklu breytinga, sem orðið hafa á verðlagi og kaupmætti peninganna á þessu tímabili. — Ýmsar aðrar merkilegar breytingar á þjóðartekjunum munu hafa átt sér stað á sama tíma, sérstaklega þó á tekjuskiptingunni. Tel ég t. d. líklegt, þótt ég hafi ekki töluleg sönnunargögn fyrir því, að veruleg tekjujöfnun hafi átt sér stað á þessum árum, og er mér nær að halda að meiri tekjujöfnuður sé nú hér á landi en víðast hvar annarstaðar.

Þjóðartekjurnar á hverjum tíma ákvarðast af því, hversu mikil framleiðslan er, og af því, hvaða verð fæst fyrir hinar framleiddu vörur. Til þess að auka framleiðsluna og þá um leið þjóðartekjurnar, skipta þegnarnir með sér verkum og mynda atvinnuvegi, atvinnugreinar og starfsstéttir. Fer hér á eftir atvinnuskipting Íslendinga eins og hún var árið 1940, en það eru síðustu handbærar tölur um þetta efni. Á því ári höfðu 30,6% þjóðarinnar framfæri sitt af landbúnaði, 21,3% af iðnaði, 15,9% af fiskveiðum, 8,7% af samgöngum, 7,2% af verzlun, 5,8% af opinberri þjónustu, 5,3% af persónulegri þjónustu og 5,2% óstarfandi.

Á síðustu áratugum hafa verið talsverð brögð að því, að fólk flyttist úr frumframleiðslunni, sjávarútvegi og sérstaklega þó landbúnaðinum, yfir í þá atvinnuvegi, sem vinna að því að formbreyta hráefnum eða dreifa fullunum vörum, þ. e. a. s. í iðnaðinn, verzlun og samgöngur.

Hafa ýmsir talið þróun þessa geigvænlega og haldið því fram, að ofþensla væri komin í suma atvinnuvegi af þessum ástæðum. Enginn dómur anir, hásetum, svo og starfsmönnum og daglaunaskal á það lagður hér, en á hitt vil ég benda, að fyrirbrigði þetta er ekkert sérkenni fyrir íslenzkan þjóðarbúskap, heldur hefur þetta verið almenna reglan í flestum öðrum löndum á svipuðu stigi efnahagsþróunarinnar. Tölur, sem ég hef séð frá Danmörku og fleiri nágrannalöndum, að vísu ekki nákvæmlega frá sama ári, sýna, að heldur hærri hundraðshluti íbúa þeirra landa hefur framfæri sitt af verzlun og flutningum en á sér stað hérlendis. Einnig má benda á, að í Bretlandi er tala þeirra, sem framfæri sitt hafa af starfsgreinum, sem tengdar eru blaðautgáfunni, hærri en þeirra, sem lifa af skipabyggingar- iðnaðinum, og eru Bretar þó mesta skipabyggingarþjóð í heimi. Vert er og að athuga það, að höfðatalan ein segir lítið til um þýðingu eða framleiðslugetu hinna einstöku atvinnuvega, eins og sjá má af því að á sama tíma og þeim, sem vinna landbúnaðarstörf, hefur farið fækkan- di hér á landi, þá hefur landbúnaðarframleiðslan stórauð, vegna vaxandi vélanotkunar og aukinnar framleiðslutækni.

Hafi á annað borð hlaupið ofvöxtur í einhverjar starfsgreinar hér á landi á síðustu árum, er sjálfsagt helzt því um að kenna, að reynt hefur verið að gera ýms hinna almennu viðskiptalög- mála óvirk, en slíkt getur hæglega af sér ýms- konar vanskapað í atvinnulífinu.

Þjóðartekjunum er aðallega varið með tvenn- um hætti, til kaupa á neytluvörum og til fjár- festingar. Með neytluvörum er átt við vörur, sem neytt er fljótlega eftir að þær hafa verið framleiddar, eins og t. d. matvæli og fatnaður. Ráðstöfun neytlufjárins fer að langmestu fram í gegnum heimilin. Það eru húsmæðurnar, sem gera kaupin á fatnaðinum, matvælum og ýmsum öðrum neytluvörum. Á Íslandi eru um 24.000 fjölskylduheimili, auk einbýlisfólks og félags- heimila. Ég hef látið mér detta í hug, án þess að ég viti til að slíkt hafi verið rannsakað, að þær 24.000 íslenzku húsmæður, sem veita heim- ilum þessum forstöðu, ráðstöfuðu a. m. k. 30% af þjóðartekjunum eða um 300 milljónum króna á ári. Má af því marka, hversu þýðingarmikið hlutverk húsmóðirin vinnur sem nokkurskonar gjaldkeri þjóðarbúsins, og að undir hagsýni, sparsemi og nýtni íslenzkra húsmæðra er afkoma

þjóðarinnar að verulegu leyti komin. Jafnframt ætti það og að vera ljóst, að nútíma tæki, sem auðvelda heimilisstörfin og auka betri nýtingu matvæla á heimilunum, eru engu síður nauðsyn- leg en til dæmis vélar, sem auka framleiðsluna sjálfa.

Nokkur hluti af þjóðartekjunum er ekki not- aður til kaupa á neytluvörum, heldur lagður til hliðar og sparaður, eins og það er kallað. Síðan er fé þetta undir eðlilegum kringumstæðum, ým- ist af eigendum þess eða fyrir milligöngu láns- stofnana, notað til fjárfestingar, til kaupa á vél- um, farartækjum og byggingum. Ef vel á að vera verður að vera jafnvægi milli sparnaðarins og fjárfestingarinnar. Fjárfestingin er þjóðarbú- skapnum nauðsynleg til þess að hægt sé að við- halda og auka neytluna og framleiðsluna. Og þjóð eins og Íslendingar, sem fjölgar nú árlega um 2500 manns, þarf að auka framleiðslu sína hlutfallslega að sama skapi, ef lífskjör manna eiga ekki að versna.

Fjárfesting þjóðarinnar og öflun hennar á varanlegum neytluvörum, eins og fatnaði og inn- anstokksmunum, verða til þess að hjá þjóðinni myndast eignir, eða það sem við köllum þjóðar- auð. Með þjóðarauð er átt við samanlagðar allar eignir þjóðarinnar, þ. e. a. s. samanlagt allt land- verð, húsa- og verðmæti skipastóls, símakerfis, hafnarmannvirkja, vatnsveitna, raforkuvera, bú- penings, verkfæra og véla, bifreiða, fatnaðar, innanstokksmuna, vörubirgða, krafna lands- manna erlendis og gullbirgðir, ef einhverjar eru, og ýmsar fleiri verðmætar eignir, sem of langt mál yrði að telja hér upp.

Fyrsta tilraunin til eignakönnunar hér á landi var gerð fyrir um það bil 850 árum. Var hún gerð árið 1097 af undirlagi Gissurar biskups Ís- leifssonar. Og segir svo um það í Íslendingabók: „var þat í lög leitt, að allir menn töldu og virðu allt fé sitt og sóru, að rétt virt væri, hvárt sem var í löndum eða lausum aurum, ok gerðu tíund af síðan“. — Síðar hafa nokkrum sinnum verið gerðar tilraunir til þess að meta þjóðarauð Ís- lendinga. Fyrst af Jóni Þorlákssyni í bók hans Lágengið, sem út kom árið 1924. Árið 1930 fékk millipínganefnd í skattamálum Indriða Einars- son hagfræðing til þess að áætla þjóðarauðinn fyrr og síðar. Reiknaðist honum svo til, að um 1880 myndi þjóðarauðurinn hafa numið 33 mill- jónum króna, en árið 1930 vera kominn upp í 373 milljónir.

Nokkru síðar eða árið 1934 voru gerðar tvær áætlanir um þjóðarauðinn, en mjög mikið bar í milli um niðurstöður þeirra. Millipinganefnd í launamálum áætlaði þjóðarauðinn 205 milljónir króna, en skipulagsnefnd atvinnumála 302 milljónir. Engar nýrri áætlanir eru til um þjóðarauðinn, en ef gengið væri út frá, að þjóðarauðurinn hefði á tíu árum aukizt að sama skapi og þjóðatekjur, ætti hann nú að vera kominn upp í þrjá milljarða króna. Bein ástæða þarf þó ekki að vera til þess að ætla, að slík samstiga þróun hafi átt sér stað á þjóðartekjum og þjóðarauð. Og sökum algers skorts á upplýsingum um þetta efni er tölu þessari frekar slegið hér fram til gamans, en að ég haldi, að hún fari nokkuð nærri lagi.

Eins og sjá má af ýmsum þeim ágizkunum um tölur, sem ég hef flutt hér og sumar hverjar án rökstuðnings, vegna skorts á heimildum, þá vantar enn mikið á að við Íslendingar höfum tæmandi tölulegt yfirlit um þjóðarbúskap okkar. Er það mjög eðlilegt, sökum þess að stofnun sú, sem aðallega hefur aflað þessara upplýsinga, Hagstofan, er tiltölulega ung að árum og hefur löngum átt við nauman fjárhag og erfið starfsskilyrði að búa og hefur þó framkvæmt margar þýðingarmiklar rannsóknir. Í ýmsum öðrum löndum eru upplýsingar um þjóðarhag orðnar mjög fullkomnar og ítarlegar. Einkum hefur nú síðasta áratuginn orðið mikil framför á þessu sviði, eftir að farið var að semja hin svonefndu „National Budgets“, eða þjóðhagsáætlanir. Er venjan að áætlanir þessar eru lagðar fram í þjóðþingunum með fjárlagafrumvörpum ríkisstjórnanna og að nokkru leyti fjárlögunum til skýringar. Gera áætlanirnar grein fyrir hugsuðum þjóðartekjum á fjárlagaárinu, fjárfestingu, innfl. og útfl., vinnumarkaðnum, þjóðarauðnum o. fl. Áætlanir þessar eru mjög fróðlegar og geta verið til verulegs gagns, því að þær er nokkur vísbending um atvinnuþróunina á komandi ári. Tilgangur slíkrar áætlunar þarf ekki að vera að keyra atvinnulífið í einhvern fyrirfram sniðinn stakk, heldur má miklu frekar líkja henni við það, að góður búmaður gerir sér í byrjun árs grein fyrir hag sínum, væntanlegum tekjum á komandi ári og hvernig hann telji hyggilegt að verja þeim. Þjóðhagsáætlunin ætti því jafnt að koma að notum í þjóðfélagi með frjálsu athafnalífi og í planbúskap.

Ef þjóðarbúskapurinn á að geta starfað snurðu-

lítið og þegnarnir almennt að hafa sæmilegt efnahagslegt öryggi, þarf þjóðarbúskapurinn að vera í jafnvægi. Með jafnvægi er hér átt við visst samræmi milli framleiðslu og neyzlu, milli vöruframboðs og peninga, milli sparnaðar og fjárfestingar, milli innflutnings og útflutnings, milli kaupmáttar peninganna innanlands og utan og milli tilkostnaðar og söluverðs.

Í atvinnulífinu eru ákveðin lögmál að verki, sem stuðla að því, að tilhneiging er til þess, að jafnvægið haldist, en stundum fer það þó af eðlilegum ástæðum úr skorðum. Er ríkisvaldinu þá oft mjög hætt við að grípa til ýmskonar hafta, banna og takmarkana á atvinnufrelsi og frjálsu neyzluvali þegnanna. Venjulega er tilgangur þessara aðgerða að viðhalda efnahagsástandi, sem ekki er í samræmi við eðlilegt viðskiptalögmál, eða tilraun til þess að skapa eitthvert nýtt jafnvægi í samræmi við félags- og stjórnmálaskoðanir ríkjandi stjórnvalda, t. d. að koma á nýrri tekjuskiptingu eða annað þvíumlíkt. Einnig getur verið, að aðgerðir í efnahagsmálum annarra landa hafi knúið fram afskipti ríkisins af atvinnu og viðskiptamálunum.

Eins og mönnum er almennt kunnugt, er þjóðarbúskapur Íslendinga nú mjög úr jafnvægi, sem lýsir sér í því, að verulegur hluti þjóðarbúskaparins ber sig ekki, tilkostnaðurinn er meiri en það verð, sem hægt er að fá fyrir vörurnar. Ástæðurnar fyrir þessu eru, að jafnvægið var rofið milli kaupgetunnar og vöruframboðsins, menn hafa meira handbært fé en hægt er að fá vörur fyrir, fjárfestingin er örari en sparnaðurinn, tilkostnaðurinn á útflutningsafurðunum er hærri en verð það, sem menn vilja greiða fyrir þær erlendis, og kaupmáttur peninganna er meiri erlendis en heima fyrir. Öll eru þessi fyrirbæri í nánum tengslum við það, sem við köllum verðbólgu.

Allir kannast nú orðið við efnahagsöngþveiti þetta, en almennt virðast menn enn ekki skilja, að hagsjúkdómur þessi verður ekki læknaður með því einu að ráðast aðeins gegn sjúkdóms-einkennunum, en ekki orsökum hans. Á meðan svo er, kemst ekki jafnvægi á þjóðarbúskapinn, og verða menn þá að búa við það þjóðfélagsástand, að fæstar vörur eru seldar í samræmi við framleiðslukostnað þeirra og ótal takmarkanir eru settar á allt atvinnu- og athafnafrelsi, og frjálst neyzluval stórlega skert.

Birgir Kjarran.